

## GJALDSKRÁ

### fyrir leiðsögu við Ísland.

#### 1. gr.

Gjald fyrir leiðsögu skips er miðað við brúttórúmlestarstærð þess, og þá vegalengd sem það siglir, samkvæmt meðfylgjandi töflu.

Fyrir hverja sjómílu, eða brot úr sjómílu, allt að 10 sjómílum að og frá höfn eða stað, þar sem skipið hefur viðkomu, skal leiðsögumanni greitt samkvæmt eftirfarandi:

	kr.
Fyrir skip allt að 500 br. rml. ....	230,00
Fyrir skip frá 501 til 1.000 br. rml. ....	240,00
Fyrir skip frá 1.001 til 1.500 br. rml. ....	255,00
Fyrir skip frá 1.501 til 2.000 br. rml. ....	270,00
Fyrir skip frá 2.001 til 3.000 br. rml. ....	290,00
Fyrir skip frá 3.001 til 4.000 br. rml. ....	310,00
Fyrir skip frá 4.001 til 5.000 br. rml. ....	330,00
Fyrir skip frá 5.001 til 10.000 br. rml. ....	355,00
Fyrir skip frá 10.001 til 15.000 br. rml. ....	380,00
Fyrir skip frá 15.001 til 20.000 br. rml. ....	405,00
Fyrir skip frá 20.001 til 30.000 br. rml. ....	430,00
Fyrir skip frá 30.001 og þar yfir .....	460,00

Greiðsla fyrir hverja sjómílu eða brot úr sjómílu fram yfir áður nefndar 10 sjómílu skal vera:

	kr.
Fyrir skip allt að 500 br. rml. ....	50,00
Fyrir skip allt frá 501 til 5.000 br. rml. ....	60,00
Fyrir skip frá 5.001 til 10.000 br. rml. ....	69,00
Fyrir skip frá 10.001 og þar yfir .....	80,00
Minnsta leiðsögugjald skal vera kr. 2.000,00	

Leggi leiðsögumaður skipi að bryggju eða frá, komi því fyrir eða losi það úr festum, skal hann fá fyrir það kr. 590,00 fyrir skip allt að 500 br.rml. og kr. 60,00 fyrir hverjar 100 br. rúmlestir skipsins þar fram yfir.

#### 2. gr.

Fari viðstaða skipsins í höfn eða viðkomustað fram úr 6 klst. á leiðsögumaður tilkall til biðpeninga fyrir þann tíma, sem viðstaðan fer fram úr 6 klst., á hverjum stað. Skulu biðpeningar greiðast með kr. 265,00 pr. klst., þó ekki lengur en 8 klst. á hverjum sólarhring. Þar að auki ber leiðsögumanni frítt fæði og hvíldaraðstaða fyrir sig og aðstoðarmann.

#### 3. gr.

Leiðsögumanni ber greiðsla alls eðlilegs og sannanlegs kostnaðar fyrir flutning sinn milli skips og lands auk ferðakostnaðar í veg fyrir skipið, eða frá því til leiðsöguhafnar. Hér með teljast laun á ferðalögum og ef leiðsögumaður bíður skips eftir ákveðinn komu- eða brottfarartíma þess. Skal þá á sama hátt greitt með kr. 265,00 pr. klst., þó aldrei meira en 8 klst. á sama sólarhring (frá 00,00—24,00).

#### 4. gr.

Vetrargjaldskrá gildir á tímabilinu 1. október til 31. mars og skal hún vera  $\frac{1}{3}$  hærri samkvæmt 1. gr., en óbreytt varðandi 2. og 3. gr.

Gjaldskrá þessi sem sett er samkvæmt lögum nr. 48, 19. júní 1933, um leiðsögu skipa staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir leiðsögu við Ísland nr. 223, 17. maí 1985.

*Samgönguráðuneytið, 12. ágúst 1986.*

**Matthías Bjarnason.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*

## AUGLÝSING

**um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli  
fyrir frystar afurðir fyrir framleiðslutímabilið  
1. júní 1986 til 30. september 1986.**

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll fyrir frystar afurðir fyrir framleiðslutímabilið frá 1. júní s.l. til 30. september 1986:

### Vélskelflett rækja:

SDR pr. lb. cif.

Færri en 350 stk. í lb.:

Blokkfryst .....	2,666
5×2 kg og 4×2,5 kg vatnshúðuð, sérfryst .....	2,548
5×2 kg og 4×2,5 kg óvatnshúðuð, sérfryst .....	2,794
500 gr vatnshúðuð, sérfryst .....	2,956
200 gr vatnshúðuð, sérfryst .....	2,105

### Fleiri en 350 stk. í lb. og óflokkuð:

Blokkfryst .....	2,548
5×2 kg og 4×2,5 kg vatnshúðuð, sérfryst .....	2,548
5×2 kg og 4×2,5 kg óvatnshúðuð, sérfryst .....	2,666
500 gr vatnshúðuð, sérfryst .....	2,956
200 gr vatnshúðuð, sérfryst .....	2,105

Verðbil verði 5%.

Greiðslur í eða úr sjóðnum miðast við 62,5% af verðbreytingu frá grundvallarverði að teknu tilliti til verðbils. Grundvallarverð miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það verður á hverjum tíma.

### Laus- og blokkfrystur hörpuðiskur:

US \$ pr. lb. cif.

Færri en 60 stk. í lb. ....	3,23
Fleiri en 60 stk. í lb. og óflokkað .....	2,99
Hálfhreinsaður .....	1,47
Rauður og brotinn .....	1,81

Verðbil verði 5%.